

Fundur Atvinnu- og umhverfisnefndar

20.september 2018

Mættir: Ingunn Jónsdóttir, Íris Grétarsdóttir, Almar Sigurðsson, Walter Fannar Kristjánsson og Axel Einarsson

Dagskrá:

- Vinnum áfram með „Rekó“ hugmyndina og hvernig við getum komið að henni innan sveitafélagsins
 - Næstu skref í „umhverfis Suðurland“ – matarsóun – Hvernig getum/viljum við vinna með það
 - Hugmynd um að kalla saman í „nýsköpunar- og atvinnurekenda diskósúpufund“
 - Innleggi frá sveitastjórn/SASS um atvinnumál og uppbyggingarsjóð sem Hrafnkell mun sjá um en umsóknarfrestur í uppbyggingarsjóð er 9.okt (atvinnumál)
 - Hráefni í diskósúpu (útvega og elda) og ræða um matarsóun samhliða sem við sjáum um (umhverfismál)
 - Tillaga að fundartíma 1.okt kl.18:30? (þá gæti sveitastjórn komið eftir sinn fund og setið með fólkinu)
 - Niðurstaða: Rætt um að sameina Rekó kynningu og uppbyggingarsjóð saman í einn viðburð. Jafnvel að hafa hann í framhaldi af sveitarstjórnarfundi þann 1. Okt. í Þingborg klukkan 19:00. Talað um að auglýsa viðburðinn vel á facebook og að finna hráefni í súpuna. Almar býr til auglýsingu sem við ætlum að senda í öll hús Flóahrepps ef leyfi fæst og einnig búa til viðburð á facebook.
 - Niðurstaða: Ætlum að vinna aðeins betur að þessu þangað til við sendum frá okkur erindi. Skoða til samanburðar verkefni sem heitir Earth check.
 - Ingunn segir frá fundi um fyrsta áfanga umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland sem hún sat
 - Niðurstaða: Ingunn segir okkur frá áhugaverðum hugmyndum sem komu fram á fundinum. Beðið eftir skýrslu frá fundinum til að fara betur yfir þetta.
 - Umsögn nefndarinnar um ósk á breytingu á deiliskipulagi vegna framkvæmda við Skeiðavegamót
 - Niðurstaða: Nefndin er á mótfallin þessari tillögu og byggir mat sitt á þeim gögnum sem eru komin fram. Nefndarmönnum finnst of mörgum spurningum ósvarað varðandi þessa stóru framkvæmd. Þær spurningar sem nefndin vill einna helst fá svör við eru:
 - hvernig fráveitu málum verður háttað
 - hvernig vatnsöflun verður háttað
 - hvernig nærliggjandi vatnsverndarsvæði verður varið
 - hvort í lagi sé að stækka framkvæmdina svona mikið miðað við að byggingarnar eru fyrirhugaðar á þekktu sprungusvæði en samkvæmt aðalskipulagi á ekki að byggja á slíku svæði
 - hvernig bílastæðamálum verður háttað
- Nefndin leggur til að fá að ræða þetta aftur þegar svör við þessum spurningum liggja fyrir.

- Önnur mál

- Kynning á efni frá Markaðsstofu Suðurlands / sent frá Eydísi – spurning um að súpufundur nr.2 verði með innleggi frá MSS?
 - Niðurstaða: Ingunn leggur til að halda fund með MSS og fólki í ferðapjónustu í Flóahrepp. Málið verður rætt betur næst.
- Íris talar um sorphirðumál.
 - Niðurstaða: Verður sett á dagskrá fyrir næsta fund

Fundi slitið 17:45